

**„Meðan sumir róa til fiskjar og aðrir rækta  
lítinn matjurtagarð, þá þarf einhver að syngja“**

**Um söngkenndu á Íslandi**

**Helga Margrét Marzellíusardóttir**



Listaháskóli Íslands  
Tónlistardeild  
Söngur

**„Meðan sumir róa til fiskjar og aðrir rækta  
lítinn matjurtagarð, þá þarf einhver að syngja“**

Um söngkennslu á Íslandi

Helga Margrét Marzellíusardóttir  
Leiðbeinandi: Dagrún Hjartardóttir  
Vorönn 2013

## Ágrip

Söngkennsla á sér langa sögu. Á Íslandi hófst kennsla í söng upp úr 1107 en um þá kennslu sá franskur prestur, Riccini. Ólíkt því sem þá var, eru í dag til margar aðferðir til söngkennslu, námsleiðirnar eru margar og hver kennari hefur sínar áherslur. Flestir kennarar eru þó sammála um að í meginatriðum felist kennslan í því að nemandi læri á rödd sína þannig að söngur verði áreynslulaus og skaði ekki rödd hans.

Áhugasvið nemenda er einnig misjafnt, mikilvægt er að kennsla miði að því að þarfir þeirra séu uppfylltar. Því þyrfti að endurskoða námskerfið með það að markmiði að nemendur gætu valið áherslur í námi. Þ.e. hvort þeir ætli sér í atvinnumennsku eða stunda söngnámið sér til yndisauka.

Á sama tíma þarf að huga að því að á landinu eru margir tónlistar- og söngskólar og uppbygging þeirra hefur að mestu leyti verið vegna hugsjónafólks sem rutt hefur brautina og gert listalíf á Íslandi að því sem það er í dag. Það eitt dugar þó ekki til. Menntastefnan á Íslandi þarf einnig að ná til tónlistarskólanna, þannig að þeir móti sér skýra stefnu, sérstaklega í ljósi þess að hið opinbera og sveitafélög hafa dregið úr framlögum til skólanna, þeim er sífellt þrengri stakkur skorinn. Því má velta vöngum yfir því hvort kennsla sé skivirk og hvort söngnám eigi yfir höfuð að standa öllum til boða, sem þess óska.

Einnig má líka velta fyrir sér hvort hægt sé að nýta peninga betur með sameiginlegum hagræðingaraðgerðum skólanna. Sú hagræðing gæti leitt til frekari samvinnu sem og breiðari menntunar nemenda.

Endurmenntun er öllum mikilvæg og því er áriðandi að söngkennarar hafi tök á endurmenntun líkt og aðrir innan kennarastéttarinnar. Þeir séu vel að sér í því sem þeir kenna og nýjungum innan fagsins.

Ritgerðarsmiður hefur engar lausnir í hendi sér, enda er tilgangur ritgerðarinnar ekki sá. Tilgangurinn er að mestu sá að glöggva lesendur á því hver staða söngkennslu á Íslandi er í dag og hvað betur má fara.

## Efnisyfirlit<sup>1</sup>

Inngangur .....	1
Upphaf söngkennslu á Íslandi.....	2
Bel Canto .....	2
Complete Vocal Technique aðferðarfræði.....	3
Lichtenberg .....	4
Samanburður - gagnrýni .....	5
Söngurinn og hliðarfög .....	8
Aðgreining innan söngnáms og brottfall úr námi .....	9
Ranghugmyndir um söngnámið.....	11
Menntun söngkennara og verndun á starfsheiti .....	12
Grunnþættir söngs.....	13
Hvað þarf söngkennslan almennt að uppfylla?.....	14
Tæknilega hliðin .....	14
Framhaldsnám og stofnun Listaháskóla .....	15
Lokaorð .....	18
Heimildaskrá.....	20

---

<sup>1</sup> Titill ritgerðar eru orð Jökuls Jakobssonar úr bókinni Sonur skóarans og dóttir bakarans.

## Inngangur

Það er eins og mannsröddin eigi heima einhvers staðar á mörkum anda og efnis. Það er stundum sagt, að augun séu spegill sálarinnar en í sjálfu sér er mannsröddin það ekkert síður, því að hún endurspeglar með blæbrigðum sínum allar hræringar sálarlífsins og kemst oft nær tilfinningalegum sannleika en orð, ef raddblær boðar eitt en orð annað.<sup>2</sup>

Til eru margar aðferðir í söngkennslu og eðlilegt er að þeir sem huga að söngnámi séu ringlaðir í því hvernig hefja skuli námið og hvaða söngkennara skuli velja. Leiðirnar eru margar og hver kennari hefur sínar áherslur. Því er alls ekki sjálfgefið að nemendur finni strax þann kennara sem hentar þeim. Áherslur geta verið ólíkar, bæði hvað varðar líkamlega beitingu og kröfur til námsins. Oft gerir fólk sér grein fyrir því eftir margra ára söngnám að aðferðir kennara hafa ekki hentað því.

Þegar talað er um söngkennslu og hvað í henni felst, fást ólík svör. Allir eru þó sammála um það að í meginatriðum felist kennslan í því að nemandi læri á rödd sína þannig að söngur verði áreynslulaus og skaði ekki rödd hans. Framhaldið er svo eins vítt og breitt og hugsast getur.

Ákveðin rök má færa fyrir því að ný kynslóð söngkennara segi tilgang söngnámsins þann að nemandinn geti með sem bestum hætti notað rödd sína í þá listsköpun sem honum hugnast. Í dag er nefnilega sá þankagangur að innleiðast að söngurinn sé ekki listsköpun með einn mögulegan áfangastað, þ.e. óperuhús eða annað sem hinn klassíski heimur kann fram að færa, heldur sé hann leið til víðara listforms.

Aðferðarfræði ritgerðarinnar var með þeim hætti að saminn var spurningalisti sem samþykktur var af leiðbeinanda og í kjölfarið voru viðtöl tekin við söngkennara. Leitast var eftir því að skýra bæði frá líkum og ólíkum áherslum söngkennara og varpa þannig ljósi á hverskonar breytinga sé þörf í faginu.

Hér á eftir verður farið yfir stöðu söngkennslu á Íslandi með fræðslu og innsýn að leiðarljósi.

---

<sup>2</sup> Halldór Hansen, „Söngröddin, möguleikar hennar og leyndardómar“, *Óperublaðið*, 5. árgangur, 1991, sótt 22.01.2013, af: [http://www2.fisis.is/?page\\_id=1306](http://www2.fisis.is/?page_id=1306)

## Upphaf söngkennslu á Íslandi

Á árunum 1107 til ársins 1400 var starfræktur skóli á Hólum í Hjaltadal. Í þeim skóla kenndi franskur prestur, Riccini, tónlist og söng. Heimildir herma að ung stúlka, Ingibjörg, hafi lært hjá Riccini en hún hafði afskaplega fallega rödd. Hún hjálpaði einnig til við kennsluna<sup>3</sup>.

Árið 1589 var fyrsta sálmabókin gefin út á íslensku og má því gefa sér að sönghefð Íslendinga hafi eflst og söngkennsla með.

Í kringum árið 1846 hóf svo Pétur Guðjónsson átak í tónlist, og er í dag sagður ótvíræður brautryðjandi í söngkennslu á Íslandi. Pétur stundaði nám í Jonstrup í Danmörku en þegar hann hafði lokið námi sínu í orgelslætti og tónfræði varð hann fyrsti dómorganistinn í Reykjavík og gengdi því starfi til dauðadags.

Á árunum 1846-1877 gegndi hann fyrstur allra starfi söngkennara í Lærða skólanum í Reykjavík en hann var ötull þýðandi kennslubóka til að nota við kennsluna. Jafnframt var hann afkastamikill höfundur kennslubóka. Pétri þótti sönglistin búa yfir þeim töframætti að geta opnað skólapiltum nýja veröld, alls ólíka þeirri sem þeir áttu að venjast. Gömlu þjóðlegu tónlistareinkennin skyldu burt og drengjum var kennt að syngja í dúr og moll - á miðevrópska vísu.<sup>4</sup>

## Bel Canto

Bel canto merkir fagur söngur og var aðferðin líklega fyrst notuð á 16. og 17. öld og með það að leiðarljósi að söngvari syngi blítt og afslappað.<sup>5</sup> Á þeim tíma hafði til dæmis tíðkast að draga andann inni í miðjum orðum og má leiða líkur að því að Bel Canto hafi verið leið til að koma í veg fyrir ósóma sem þann.

Um miðja 18. öld fer meira að felast í orðunum. Aðferðin tók áherslubreytingum og nýjungar komu fram í söngnum.<sup>6</sup> Nú var aðeins einn söngvari sem söng, söngvarinn fékk meðleik, textinn varð flóknari og veraldlegri og farið var að túlka hann með

<sup>3</sup> Elísabet Erlingsdóttir. *Listin að syngja: kennsluefni*. Reykjavík, 2010.

<sup>4</sup> Baldur Símonarson, Einar B. Pálsson, Guðmundur Jónsson, Rut Magnússon, Sigrún Pálsdóttir, Trausti Jónsson, Þórarinn Guðnason, Þórunn Guðmundsdóttir, *Íslenska einsöngslagið*, yfirlitssýning í Gerðubergi, 2. október - 1. desember 1994.

<sup>5</sup> Elliott, M, *Singing in Style - A Guide to Vocal Performance Practices*, Yale University Press, 2007, bls. 126.

<sup>6</sup> Elliott, M, *Singing in Style - A Guide to Vocal Performance Practices*, bls. 126.

öðrum hætti. Raddsvið söngvara fór úr einni áttund upp í þrjár áttundir, flúrsöngur varð til og mikilvægastur varð upphafstónninn. Hann skyldi vel inntónaður og setti viðmið fyrir tónana sem á eftir komu. Bel canto tækninni fylgdu svo söngæfingar sem kallast messa di voce.<sup>7</sup>

[Bel Canto] miðar þó fyrst og fremst að því að söngvarinn eða söngkonan kunnir að syngja með jafnri, óbrotinni línu í styrkleika og lit upp og niður allt tónsvið sitt og hafi lag á að láta allt skraut og flúr rísa beint út úr þessari línu án þess að brjóta hana í raun og án þess að söngmátinn komi í veg fyrir skýran og vel skiljanlegan textaframburð.<sup>8</sup>

Nú á dögum hafa söngkennarar misjafnan grunn hvað söngtækni varðar. Þeir klassísku segja að þeirra fyrsta nám hafi yfirleitt verið byggt upp á Bel Canto. Á leið þeirra í gegnum námið hafi þeir þó komið víða við, hitt fyrir marga kennara sem allir höfðu ólíkar áherslur.

## **Complete Vocal Technique aðferðarfræði**

Söngtæknin er hugarfóstur hinnar dönsku Cathrine Sadolin. CVT aðferðin byggir á 25 ára rannsóknnum hennar og háls- nef- og eyrnalækna á mannröddinni. Sadolin hafði sjálf lengi átt við raddvandamál að stríða, hún var astmasjúklingur en hafði þrátt fyrir það reynt fyrir sér í söng í hinum ýmsu tónlistarstílum.<sup>9</sup>

Aðrir nemendur tóku að leita til Sadolin vegna þekkingar hennar á því að notast við heilbrigða nálgun klassísku tækninnar. Markmið hennar var að tengja saman, klassíska og rytmíska söngvara, þannig að þeir rytmísku gætu nýtt sér það raddheilbrigði sem klassíska heimurinn leggur svo mikla áherslu á og á sér svo langa sögu um.

Úr þessu samstarfi og rannsóknum verður til bókin Complete Vocal Technique sem enn er notast við. Bókin er kölluð tæknibók og í henni er hljóðsafn með aðgengilegu kerfi þar sem allir söngvarar eiga að geta fundið eitthvað fyrir sig.<sup>10</sup>

Bókin er byggð upp eftir þeirri forskrift að einstaklingar þurfa mismunandi leiðir við það að skilja sömu hluti. Þannig nýtist hljóðsafn bókarinnar sérstaklega þeim

---

<sup>7</sup> Elísabet Erlingsdóttir. *Listin að syngja: kennsluefni*.

<sup>8</sup> Halldór Hansen, „Söngröddin, möguleikar hennar og leyndardómar“, sótt 22.01.2013, af: [http://www2.fisis.is/?page\\_id=1306](http://www2.fisis.is/?page_id=1306)

<sup>9</sup> Samtal höfundar, Helgu Margrétar Marzellíusardóttur við Björk Jónsdóttur, 22.01.2013.

<sup>10</sup> Samtal höfundar við Björk Jónsdóttur



nemendum sem tengja sig sterkt við það að heyra, koma auga á og herma eftir. Sumir nemendur þurfa að skilja fræðilegar útskýringar raddvandamálanna til að leysa þær, aðrir finna sér leið í gegnum líkamann, eða vinna frá innri myndum og tilfinningu og enn aðrir læra með því að horfa á grafískar myndir eða teikna útskýringar á blað.<sup>11</sup>

Innan CVT aðferðarinnar er talað um meginatriðin þrjú. Opinn háls, stuðningur og slakur kjálki og varir. Einnig er notast við gírana fjóra, sem einnig er hægt að tala um sem raddstillingar. Með þeim getur söngvarinn valið þann gír sem hann kys að syngja í en gírnir fara eftir hljóðstyrk. Þetta er í raun megin inntak fræðinnar.

Í náminu er nemandinn inntur eftir því hvernig hann vilji syngja og hvað það sé sem hann vilji fá út úr náminu. Samkvæmt fræðunum er nemandinn listamaðurinn og því er hann spurður þessara spurninga<sup>12</sup>. Spurningarnar eru einnig veigamikill þáttur í framförum nemandans en með þeim er hann gerður ábyrgur fyrir eigin framförum, eigin tilfinningum og passar upp á að ekkert sem hann gerir meiði hann. Sá þáttur er mjög mikilvægur.<sup>13</sup>

## Lichtenberg

Í Lichtenberg í Þýskalandi er Lichtenbergerinstitute en hún er sjálfseignarstofnun og er ekki innan hins akademíska heims. Starf stofnunarinnar hófst með því að einn fremsti frömuður Þjóðverja í vinnuvernd Walter Heinrich Rohmert fór að huga að vinnuvernd fyrir söngvara og hljóðfæraleikara. Í Þýskalandi er rekstur óperuhúsa, hljómsveita og kóra á ábyrgð ríkisins. Séu allir listamennirnir illa haldnir líkamlega fyrir aldur fram, borgar það sig hvorki fyrir ríkið að mennta þá né að halda uppi óperuhúsum. Rannsóknir hafa verið gerðar „í 30 ár á uppruna hljóms í líkamanum og hagnýtri söngtækni“. Allar rannsóknir eru gerðar vísindalega með mælum og unnið er úr rannsóknunum með nemendum úr tækniháskólanum í Darmstadt.

Á 30 árum hefur ýmislegt gerst en þessi fræði eru núna mjög mikið sammála því sem var skrifað af Giovanni Battista Lamperti, eða skrifað upp eftir honum. Þetta eru

---

<sup>11</sup> Björk Jónsdóttir. „Án titils“, tölvupóstur til höfundar, 27.01.2013.

<sup>12</sup> Samtal höfundar, Helgu Margrétar Marzellúsardóttur við Kristjönu Stefánsdóttur, 09.01.2013.

<sup>13</sup> Samtal höfundar við Björk Jónsdóttur

hlutir sem eru skrifaðir á 19. öld“ [...] Þetta er svo gamalt, miklu eldra en allt sem er gert á 19. öldinni.“<sup>14</sup>

Mikið er unnið með myndir og þetta á að virka sem óhagganleg staðreynd. Hlín segist vita hver viðbrögðin verða vegna þess að talað er beint við líkamann. „Ég er að ræða beint við líkamann, þess vegna mun þinn líkami bregðast við eins og minn að því undanskildu að ég er örugglega stíf á einhverjum öðrum stað en þú“.<sup>15</sup> „Nemendur taka þessu öllu mjög vel því þetta miðast beint við þeirra líkama“.<sup>16</sup>

Það eru ekki aðeins söngvarar sem nema tæknina. Þar eru einnig leiklistarkennarar, leikarar, þerapistar og hljóðfæraleikarar. Vel má yfirfæra lögmál líkamans, öndunar- hljómmyndunar og hljómskynjunarlögmál yfir á blásturshljóðfæri. „En einnig á fiðlu og píanó“.<sup>17</sup> Ekki er unnið mikið með söngbókmenntir, aðeins tækni.<sup>18</sup> „Allskonar fólk fer í þetta nám. Allir syngja.“<sup>19</sup>

„Þetta er svolítið aftur til upprunans, [sic.] en um leið er þetta ekkert það eina rétta. Þú þarft ekkert að fara til Lichtenberg til þess að geta sungið [...] fyrir mig með mikla reynslu að bæta þessu við var það ómetanlegt.“<sup>20</sup> Hlín segir að það góða við tæknina sé að allt sé þetta vísindalegt og maður uppgötvi þetta á eigin líkama. Það sem öllu máli skipti sé að hljómurinn sé heilbrigður og söngvara líði vel þegar hann er að syngja - þá sé söngurinn fallegur.<sup>21</sup>

## **Samanburður - gagnrýni**

Viðmælendur mínir hafa allir grunn í klassískum söng en þrátt fyrir það eru þeir ekki allir þekktir fyrir klassíkina. Allir eru þakklátir fyrir þann grunn sem þeir fengu í söngnum, hann hafi komið þeim langt en sömuleiðis er þeim öllum mjög hugleikið að söngnemendur fái það út úr námi sínu sem þeir sækjast eftir. Áherslupunktarnir eru misjafnir.

---

<sup>14</sup> Samtal höfundar, Helgu Margrétar Marzellúsardóttur við Hlín Pétursdóttur Behrens, 22.01.2013.

<sup>15</sup> Samtal höfundar við Hlín Pétursdóttur Behrens.

<sup>16</sup> Samtal höfundar við Hlín Pétursdóttur Behrens.

<sup>17</sup> Samtal höfundar við Hlín Pétursdóttur Behrens.

<sup>18</sup> Samtal höfundar við Hlín Pétursdóttur Behrens.

<sup>19</sup> Samtal höfundar við Hlín Pétursdóttur Behrens.

<sup>20</sup> Samtal höfundar við Hlín Pétursdóttur Behrens.

<sup>21</sup> Samtal höfundar við Hlín Pétursdóttur Behrens.

Klassískur söngur á sér miklar og djúpar rætur og unnið er út frá þessum ákveðna klassíska hljómi raddarinnar. Klassíkin hefur mætt miklum fordómum en sumir vilja meina að í klassískum söng hljómi allir eins og lítið pláss sé fyrir persónulegan hljóm. Einnig hefur það komið fram að klassískir söngkennarar tali illa til þeirrar tækni sem notast er við í rytmískri tónlist. Jafnvel svo að jafna mætti við fordóma á köflum, að rytmík sé annars flokks listform. Nemendur sem áður hafa verið í klassísku námi en skipt yfir í rytmík hafa sögur að segja af söngkennurum sem gerðu mikið af því að ýta nemendum í þá átt sem ekki átti við þá. Þeir hafi séð hæfileika nemenda sinna en ekki áttað sig á því að áhuginn á tónlistarstílnum var ekki til staðar.<sup>22</sup> Kristjana tekur sterkt til orða þegar hún segir: „það er í raun líka smá ofbeldi“<sup>23</sup>.

Hlín Pétursdóttir talar um það að mikilvægt sé að finna í nemandanum þennan einstaklingsbundna hljóm og að nemendur kennara séu ekki steypdir allir í eitt mót heldur sé leitast eftir einkennum hvers og eins.<sup>24</sup> Eftir að hafa heyrt þetta frá klassískum kennara má spyrja sig að því hvort sanngjarnt sé að dæma heila starfsstétt út frá mögulegum áhersluatriðum einstaka kennara.

Björk talar um klassíska námið og það góða veganesti sem hún fékk frá sínum kennurum. Hún hugsar um námið sem ferli, að maður fái ný tæki og tól hjá hinum ýmsu kennurum. Allt það setji maður í stóra verkfærakistu sem maður svo nýtir í kennslunni. Hún hóf kennslu við tónlistarskóla FÍH og hóf að kenna rytmískan söng. Hún sá að klassíkin ein og sér dugði henni ekki. Hún hóf því nám við CV tæknina og hefur lokið kennaranámi þaðan. „Þarna fékk ég svona sýnilegt og heyranlegt tæki - allan pakkann“<sup>25</sup>. Björk minnst einnig á að í raun sé bara spennandi ef klassískir söngvarar gætu bætt þessu við sig. Þeir væru að ganga í takt við kröfurnar í samfélaginu.<sup>26</sup>

---

<sup>22</sup> Samtal höfundar við Kristjönu Stefánsdóttur.

<sup>23</sup> Samtal höfundar við Kristjönu Stefánsdóttur.

<sup>24</sup> Samtal höfundar við Hlín Pétursdóttur Behrens.

<sup>25</sup> Samtal höfundar við Björk Jónsdóttur

<sup>26</sup> Samtal höfundar við Björk Jónsdóttur

CVT aðferðin hefur, líkt og sú klassíska, verið gagnrýnd. Þann 20. nóvember 2006<sup>27</sup> eða um ári eftir að Björk Jónsdóttir byrjaði að kynna tæknina fyrir Íslendingum kom fram í Kastljóspætti söngkona sem hafði farið í árs diplómanám í söngtækninni.

Hennar upplifun [söngkonunnar; innskot höfundar] var þessi að hún sagði hún [sic.] gæti tekið nánast hvaða mann af götunni og gert hann að stórsöngvara á fimm mínútum. En hún virkar ekki akút á byrjendur frekar en eitthvað annað.<sup>28</sup>

„Allur klassíski heimurinn á Íslandi brjáláðist“<sup>29</sup> sem var í raun skiljanlegt. En hún tók afleiðingunum.<sup>30</sup>

Allir þeir kennarar sem menntaðir eru í CVT minnst á að námið hafi verið þeim heillaspor til viðbótar því sem þeir kunnu fyrir. Eins og fyrr segir, var grunnurinn góður. Kristjana Stefánsdóttir minnst á gamlan söngkennara, Guðmund Jónsson, þann sem kenndi henni grunninn sem hún býr að. „Það var svo margt sem Sadolin sagði að það var eins og Guðmundur sæti bara og segði „ég var búinn að segja þér þetta!““ Vel má líkja þessu við verkfærakistu. Í henni séu öll tæki og tól sem manni lærist að nota. Öll tækni er þar til staðar en svo þarf maður að finna út hvernig maður vinnur með það og notfærir sér í kennslu.<sup>31</sup> Hlín Pétursdóttir segir hið sama um þá tækni sem hún lærði, Lichtenberg. Hún sé „alveg frábær viðbót“<sup>32</sup> „Fyrir mig með mikla reynslu að bæta þessu við var það ómetanlegt“<sup>33</sup>

Við að heyra þessar frásagnir fæ ég það á tilfinninguna að í raun sé verið að tala um endurmenntun sem allar stéttir þurfa á að halda. Hvort sem um er að ræða, félagsráðgjafa eða lögfræðinga. Allir þurfa að fara aftur til upphafsins, af og til, og fá endurmenntun og/eða handleiðslu.

Flestir söngkennarar eru duglegir við það að halda svokallaða masterklassa, sem kalla mætti opna kennslustund. Bæði söngvari syngur og kennari kennir frammi fyrir áhorfendum. En eru kennararnir sjálfir duglegir við það að sækja masterklassa eða annars konar endurmenntun? Gera þeir sér grein fyrir því að í raun er engin menntun

<sup>27</sup> Hera Björk Þórhallsdóttir, „Complete Vocal Technique kynnt í Kastljósi“, á vef Félags íslenskra söngkennara, 23. nóvember 2011, sótt 25. janúar 2013, <http://www.fisis.is/?p=75>

<sup>28</sup> Samtal höfundar við Kristjönu Stefánsdóttur.

<sup>29</sup> Samtal höfundar við Kristjönu Stefánsdóttur.

<sup>30</sup> Samtal höfundar við Kristjönu Stefánsdóttur.

<sup>31</sup> Samtal höfundar við Björk Jónsdóttur

<sup>32</sup> Samtal höfundar við Hlín Pétursdóttur Behrens.

<sup>33</sup> Samtal höfundar við Hlín Pétursdóttur Behrens.

endanleg. Fólk verður á öllum tímum að vera þannig akademískt þenkjandi að það sé tilbúið til að tileinka sé nýjungar. Það er skylda hvers kennara að vera með puttann á púlsinum svo hann geti veitt nemendum sínum sem besta þjónustu. Bæði hvað snýr að líkamlegum- og kennslufræðilegum þáttum kennslunnar. Þannig fær nemandinn það sem hann á rétt á, því það er ekki nemandans að sitja uppi með kennara sem ekki hefur haldið sér við; haldið sér ferskum í faginu.

## Söngurinn og hliðarfög

Fyrirverandi formaður söngkennarafélags Íslands, Hlín Pétursdóttir Behrens, hélt tölu á aðalfundi félagsins þar sem hún hvatti til „aukinnar umræðu á vegum félagsins um framtíð söngkennslu og tónlistarkennslu í landinu“.<sup>34</sup> Hlín er þeirrar skoðunar að vegna þess hversu margir skólar séu að mennta fólk á framhaldsstigi finnist henni mikilvægt að nemendur fari út til framhaldsnáms.<sup>35</sup> „Þeir eiga að fara út til þess að bera sig saman við betra fólk. Þeir eiga að fara út til að læra tungumál [...] læra dans og læra leiklist“.

Fleiri söngkennarar hafa orð á því að í íslenska kerfið vanti fleiri hliðarfög, sérstaklega fyrir þá söngvara sem ætla sér út í hinn stóra heim. Gunnar Guðbjörnsson segir að það sé í raun Akkilesarhæll söngsins hversu seint nemendur byrji og hversu lítinn bakgrunn þeir hafa þá í tónlist. Þess vegna sé mjög algengt bæði á meðal tónlistarmanna og söngvara að spyrja hvort söngvari hafi verið í söngnámi eða í tónlistarnámi. Á öllum stöðum ætti að gera miklar kröfur til tungumálanáms og í raun ætti að gera miklu meiri kröfur til söngnemenda.

Hlín minnst á það sama. Hún segir einhverskonar mýtu vera fyrir hendi. Að það þyki í lagi að vera með stóra og flotta rödd og hugsa svo ekkert mikið meira um það; þurfa ekki að vera kurteis og ekkert sérlega gáfaður. Hún segir hlutina ekki ganga þannig, ekki eins og heimurinn er í dag. Hún minnst á orð sem til er á þýskri tungu<sup>36</sup> „Stimmbewohner“.<sup>37</sup> Orðið má yfirfæra á íslensku sem „raddeigandi“ sem væri þá

---

<sup>34</sup> Hlín Pétursdóttir Behrens, „Hugleiðingar Hlínar Pétursdóttur Behrens“, á vef Félags íslenskra söngkennara, 9. september 2012, sótt 25. janúar 2013, <http://www.fisis.is/?p=1583>

<sup>35</sup> Samtal höfundar við Hlín Pétursdóttur Behrens.

<sup>36</sup> Samtal höfundar við Hlín Pétursdóttur Behrens.

<sup>37</sup> Ingunn Ósk Sturludóttir, „Án titils“, tölvupóstur til höfundar, 31.01.2013.

einstaklingur sem býr að því að eiga stóra og flotta rödd en er ekki góður söngvari. „Þú átt að vera góður tónlistarmaður“<sup>38</sup> Hún segir bóklegu fögin vera virkilega mikilvæg „ef þú ætlar að vera söngvari í alvörunni þá þarftu að vera vel að þér í bókmenntum, í heimsbókmenntum, þú þarft að vera vel að þér í sögu af því þú ert aldrei að syngja tónlist sem er bara skrifuð 2013“.<sup>39</sup> Það má velta upp þeirri spurningu hvort góð almenn menntun sé vanmetin og söngvarar þurfi ekki að hafa þekkingu á bakgrunni þess sem verið er að vinna við eða syngja.

Að þessu sögðu er það nokkuð ljóst að kröfur sem þessar eiga ekki við alla þá söngnemendur sem læra við tónlistarskóla á Íslandi. Allir viðmælendur mínir eru sammála því að nauðsynlegt sé að aðgreina þá sem ætla sér í atvinnumennsku frá þeim sem eru í söngnámi sér til yndisauka.

### **Aðgreining innan söngnáms og brottfall úr námi**

„Heimurinn er að breytast svo mikið. Og þarfirnar hérna á landinu eru bara orðnar þannig að við þurfum bara svolítið að laga okkur að því hvernig hann er, og kröfunum. Þörfunum og kröfunum.“<sup>40</sup> Bæði er mikil ásókn í klassískt söngnám og enn fleiri einstaklingar leita í dag til tónlistarskólanna eftir söngnámi á breiðari vettvangi. Það hefur áhuga á fleiru en klassík.

Eins og fyrr segir eru allir viðmælendur sammála um að aðgreiningar sé þörf. Einstaklingar sækja í námið en markmið þeirra eru ólík. Sumir sækja í námið með það að leiðarljósi að syngja betur í kór. Aðrir vilja eiga auðveldara með að koma fram og enn aðrir til að efla sjálfstraust sitt. „Þetta er allt gott og blessað en þetta á ekki að vera allt undir sama hatti. Það gerir of miklar kröfur til þeirra sem ætla ekki að verða söngvarar og gerir lítið úr kröfunum sem þarf að gera til þeirra sem ætla að verða söngvarar“<sup>41</sup> „Það þyrfti að vera hægt að skipta þessu námi niður, fyrir þá sem virkilega hafa erindi og hafa áhuga og fyrir hina sem eiga alveg erindi en hafa

---

<sup>38</sup> Samtal höfundar við Hlín Pétursdóttur Behrens.

<sup>39</sup> Samtal höfundar við Hlín Pétursdóttur Behrens.

<sup>40</sup> Samtal höfundar við Björk Jónsdóttur

<sup>41</sup> Samtal höfundar við Hlín Pétursdóttur Behrens.

öðruvísi áhuga<sup>42</sup>. „Af hverju á að vera að halda fólki í námi, ég vil að fólk flosni úr námi ef það nennir þessu ekki“<sup>43</sup>.

Söngskólar í Reykjavík hafa farið þá leið með því að bjóða upp á námskeið í söng utan hefðbundins vinnutíma og tónlistarskóli FÍH „er að vissu leyti með fullorðinsfræðslu“<sup>44</sup>. Þar hefur verið boðið upp á þriggja mánaða nám sem kennt er í hópum. Kennt er einu sinni í viku, að kvöldi til, og geta nemendur svo valið um það hvort þau fara í tónfræði en einnig geta þau verið í kór skólans.<sup>45</sup> Hefur þetta reynst einstaklega vel. Margir sem sækja námskeiðin hafa reynt að komast inn í skólann en ekki átt erindi sem erfiði. „Þetta er bara leið til að mæta þessari þörf [...] fólk vill gjarnan inn í þetta umhverfi [...] þú kynnist líka öðru fólki“<sup>46</sup>

Í dagskóla mætti námið vel vera þannig að minna sé um söngtíma en meira um samsöng, til dæmis kóratíma. En einnig þarf að sjá hvort ekki sé hægt að hafa brautir innan skólanna þar sem námið er ekki eins markmiðstengt.<sup>47</sup> Það mætti ef til vill kosta meira, en ánægjan yrði þá kannski meiri.<sup>48</sup> Hlín minnst einnig á það að þeir sem ekki ætli sér að verða atvinnusöngvarar gætu greitt meira fyrir námið.<sup>49</sup>

Það hefur mjög oft verið talað um það á meðal tónlistarfólks, almennt, að það sé menntuðu söngfólki til vansa hversu margt þeirra virðist ófært um að syngja í kór, sé ekki fært um að hlusta á sjálft sig í samhljómi við aðra, skeri sig sífellt úr. Oft hefur heyrst í því sambandi, frá hinu almenna kórfólki að „það þurfi alltaf að vera að sýna sig þetta óperulið“. Það ætti að skylda alla sem stundi söngnám að syngja í kór! Rétt eins og hljóðfæraleikari getur spilað einleik en hann er líka fær um að spila í hljómsveit og þá án þess að skera sig úr.

Í kjölfar þessa þurfum við einnig að spyrja okkur að því, hver sé tilgangur okkar með menntuninni. Nemendur gætu þá tekið ákvörðun um það hvort þeir séu í skólanum til

---

<sup>42</sup> Samtal höfundar, Helgu Margrétar Marzellíusardóttur við Gunnar Guðbjörnsson, 09.01.2013.

<sup>43</sup> Samtal höfundar við Hlín Pétursdóttur Behrens.

<sup>44</sup> Samtal höfundar við Björk Jónsdóttur

<sup>45</sup> Samtal höfundar við Björk Jónsdóttur

<sup>46</sup> Samtal höfundar við Björk Jónsdóttur.

<sup>47</sup> Samtal höfundar við Gunnar Guðbjörnsson.

<sup>48</sup> Samtal höfundar við Björk Jónsdóttur.

<sup>49</sup> Samtal höfundar við Hlín Pétursdóttur Behrens.

námskrármíðaðs náms og stefna að atvinnumennsku; eða ekki.<sup>50</sup>

## Ranghugmyndir um söngnámið

Það er alltaf ákveðið brottfall nemenda úr námi en hver ætli skýringin á því sé? „Fólk flosnar úr námi því það kemur stundum í tímann með ranga mynd af því sem söngnám er. Það heldur að það sé komið þangað í raun til að leika sér og gerir sér ekki grein fyrir því að þetta er auðvitað nám“<sup>51</sup>. „Eins og þjóðfélagið okkar er í dag, þá geta allir lært að syngja sem eru tilbúnir til í að borga eitthvað fyrir það“<sup>52</sup> en það er mjög mikilvægt að skoða þessi mál betur. Á meðan biðlistar í söngnám eru langir eru einhverjir nemendur í skólunum ekki tilbúnir til að fara eftir námskrármíðuðu námi. Eins og fyrr hefur komið fram bjóða nokkrir skólar á Höfuðborgarsvæðinu upp á söngnámskeið en það virðist ekki fyllilega sinna þessum þörfum. Virðist svo vera að fólk vilji nám innan tónlistarskólanna en með öðrum formerkjum.

Talað hefur verið um að gera gagngerar breytingar á kerfinu. Setja aldurstakmarkanir á styrki frá hinu opinbera til tónlistarnáms. Það er í raun alveg skiljanlegt að það eigi að takmarka það eitthvað fyrir fólk sem er að leika sér“<sup>53</sup> aftur á móti geti reynst mjög erfitt að setja á það aldurstakmark. Þann 1. febrúar 2011 var haldinn mótmælafundurinn „Samstaða um framhald tónlistarskólanna“. Fundurinn var haldinn í kjölfar þess að boðið hafði verið til niðurskurðar á sviði tónlistarfræðslu. Rósa Guðrún Sveinsdóttir hélt ávarp fyrir hönd tónlistarnemenda á mótmælafundinum og vitnar í 26. grein Mannréttindasáttmála Sameinuðu þjóðanna en þar segir: „Hver maður á rétt til menntunar. Iðnaðar- og verknám skal öllum standa til boða og æðri menntun vera öllum jafnfriðs, þeim er hæfileika hafa til að njóta hennar“. Hún tekur einnig fram að sé sett takmörkun á aldur til tónlistarmenntunar sé það brot á mannréttindalögum.<sup>54</sup>

Tónlistarnám er að stórum hluta niðurgreitt. Hlín tekur fram að eins og þjóðfélagið sé í dag, getur ekki verið að við komumst upp með þetta mikið lengur. Hún segir einnig að hún vilji ekki að þetta breytist og hún geri sér grein fyrir því að fullorðnir

<sup>50</sup> Samtal höfundar við Björk Jónsdóttur.

<sup>51</sup> Samtal höfundar við Gunnar Guðbjörnsson.

<sup>52</sup> Samtal höfundar við Hlín Pétursdóttur Behrens.

<sup>53</sup> Samtal höfundar við Gunnar Guðbjörnsson.

<sup>54</sup> *Yfir þúsund manns mótmæltu niðurskurði til tónlistarmenntunar*, Félag leikskólakennara: Kennarasamband Íslands, 2. febrúar 2011, sótt 25. janúar 2013, <http://ft.ki.is/pages/261/NewsID/2790>



nemendur séu oft virkilega metnaðarfullir en hún sjái ekki nokkur einustu rök fyrir því að sá nemandi, sem ef til vill er í vel launuðu starfi, standi ekki sjálfur straum af kostnaðinum við nám sitt, læri innan einkastofnana eða í námsflokkakerfi.<sup>55</sup> Við stöndum að öllum líkindum frammi fyrir því að skólum muni fækka, það er leiðinlegt og sérstaklega fyrir þær sakir að hver skóli hefur sína sérstöðu og þangað veljast mismunandi einstaklingar.

Það efast enginn um það að einstaklingur getur orðið að stórkostlegum listamanni upp úr fertugsaldri en ríkið eigi alls ekki að vera að greiða niður „söngnám fyrir fólk sem hefur gaman af því að syngja í kór. Ekki endalaust.“<sup>56</sup>

Gott væri að velta þeirri spurningu fyrir sér hvort við getum gert þær kröfur og gefið okkur það að 26. grein Mannréttindasáttmálans hafi verið sett fram til þess að vernda mál sem þessi. Svo mikið er víst að færi einstaklingur í læknanám á sama grundvelli, yrði viðkomandi „kastað öfugum út“. Vegna þess að færri komast að en vilja og við getum ekki leyft okkur þann munað að fólk komist að í dýrt nám, þar sem fjöldatakmörkanir eru fyrir hendi. Hvar eigum við að setja staðlana? Hvar eigum við að setja mörkin?

## **Menntun söngkennara og verndun á starfsheiti**

Söngnám er vinsælt og sömuleiðis alls kyns söngnámskeið. Viðmælendur mínir eru allir sammála um það að söngkennarar þurfa að vera menntaðir í faginu. Hlín og Gunnar minnst svo sérstaklega á það að söngkennarar geta verið virkilega góðir kennarar án þess að hafa nokkur tíma verið stórkostlegir söngvarar.<sup>57 58</sup>

Það getur verið vegna þess að Guð gaf þeim ekki mjög fallega rödd eða þar sem þeir eru kannski bara miklir listamenn eða túlkendur [...] Mestu sönghetjur sinnar tíðar hafa stundum orðið prófessorar og verið algjör hörmung sem kennari. Þetta er ekkert það sama<sup>59</sup>

---

<sup>55</sup> Hlín Pétursdóttir Behrens, „Hugleiðingar Hlínar Pétursdóttur Behrens“, sótt 25. janúar 2013, <http://www.fisis.is/?p=1583>

<sup>56</sup> Samtal höfundar við Hlín Pétursdóttur Behrens.

<sup>57</sup> Samtal höfundar við Hlín Pétursdóttur Behrens.

<sup>58</sup> Samtal höfundar við Gunnar Guðbjörnsson.

<sup>59</sup> Samtal höfundar við Hlín Pétursdóttur Behrens.

„Ef söngkennari er að auglýsa sig sem söngkennara þá finnst mér það skipta miklu máli að hann viti hverju hann er að miðla“<sup>60</sup> segir Björk, í kjölfar þess segir hún að fyrst tónmenntakennari og grunnskólakennari séu lögvernduð starfsheiti og ætti að gilda slíkt hið sama um tónlistarkennara.

Þetta er stór spurning af því það eru til góðir miðlarar. Tónlistarmenn sem eru góðir að miðla þótt þeir hafi ekki próf. Það er ekkert að því, þeir geta verið að miðla heima í stofu en ef við erum að tala um opinbera skóla, þá þarft þetta náttúrulega að vera eftir bókinni, finnst mér.<sup>61</sup>

Gunnar telur það geta orðið flókið að vernda starfsheitið:

Segjum sem svo að þetta sé lögbundið starfsheiti og þú megir ekki kenna nema þú sért með einhverja mastersgráðu í söng af því það býður fram ákveðna hættu. Það að taka masterspróf í söng gerir þig ekki að góðum söngkennara.<sup>62</sup>

Hlín segir málið í raun einfalt. Þeir sem eru menntaðir söngkennarar eru með aðild að Félagi íslenskra söngkennara.<sup>63</sup> Sé einhver vafi er málið metið af stjórn félagsins. Þeir sem ekki eru söngkennarar eða eru að læra er boðið aukaaðeild að félaginu. Og aðrir ættu að kalla sig söngvara og halda námskeið undir þeim formerkjum. Ekki sem söngkennarar.<sup>64</sup>

## Grunnþættir söngs

Þegar tónn er myndaður færast raddböndin saman og loft flæðir upp. Þrýstingur þess að neðan færir raddböndin sundur og þá verður geysihratt loftflæði á milli brúna þeirra. Þetta hraða loftflæði veldur lofttæmi milli raddbandanna en það færir þau aftur saman. Þá myndast þrýstingur aftur fyrir neðan raddböndin, þau opnast og svona gerist þetta koll af kalli. Á þennan hátt myndast hljóðbylgjur. Og þá er bara að halda öndunarveginum opnum!<sup>65</sup>

Í líkama okkar eru mörg líffæri sem hjálpa til við tónmyndun. Flestir söngkennarar, ef ekki allir, eru sammála um að grunnatriði söngkennslu sé öndunin en aðferðirnar til að finna hana eru líklega jafn margar og söngkennararnir sjálfir. Mikilvægt er að við notum rétta vöðva og beitum líkamanum á réttan og sveigjanlegan máta. En öllu þarf

---

<sup>60</sup> Samtal höfundar við Björk Jónsdóttur

<sup>61</sup> Samtal höfundar við Björk Jónsdóttur

<sup>62</sup> Samtal höfundar við Gunnar Guðbjörnsson.

<sup>63</sup> Samtal höfundar við Hlín Pétursdóttur Behrens.

<sup>64</sup> Samtal höfundar við Hlín Pétursdóttur Behrens.

<sup>65</sup> Elísabet Erlingsdóttir. *Listin að syngja: kennsluefni*.

þó að huga að með misjöfnum hætti og misjöfnum áherslum. Þindinni, lungunum, kokinu, barkanum og svo auðvitað raddböndunum. Raddir manna eru líka misjafnar. Sveiflutíðni raddbandanna er ekki alltaf eins, til að mynda eru raddbönd karla lengri og þykkari en raddbönd kvenna. Sú líffræðilega staðreynd er ein af fáum sem enginn söngkennari þrætir fyrir.<sup>66</sup>

## Hvað þarf söngkennslan almennt að uppfylla?

Nemandinn þarf að gera sér grein fyrir því hvað það er sem skiptir mestu máli til þess að halda raddheilsu.<sup>67 68</sup> Hann þarf einnig að ná ákveðinni grundvallarþekkingu sem felst í því „að ná tókum á stuðningnum og af hverju þarf ég góðan stuðning“<sup>69</sup>

Nemandinn á ekki að þreytast við það að syngja; að hann verði ekki þreyttari eftir tímann en áður. Einnig er mikilvægt að kennarinn geri sé grein fyrir möguleikum nemandans og reyni að uppfylla þá sem best. Þar er mikilvægt að bera ekki saman nemendur sína.<sup>70</sup>

## Tæknilega hliðin

Eins og áður hefur verið minnst á, eru það ótal samverkandi þættir sem gera það að verkum að söngur er hljómfagur og áreynslulaus. Öndunin er einn mikilvægasti þátturinn. Til eru nokkrar leiðir til öndunar en möguleikar þeirra eru fjölbreyttir. Þarf að stjórna loftþrýstingi í útöndun eða er verið að vinna með langa frasa?<sup>71</sup> Öndun er einnig ólík á milli kynja. Konur anda dýpra niður í kviðinn á meðan þenslan hjá körlum er ofar, eða nær meltingarveginum fyrir miðjum kvið.<sup>72</sup>

Annað atriði er öndunarstjórnun. Öndunarstjórnun er af mörgum kallað stuðningur, en tekið skal fram að stuðningur er mjög víðtækt og umdeilt orð. Sumir kennarar kjósa að nota það orð til útskýringa á meðan aðrir vilja ekki minnast á það og helst afmá úr orðaforða söngkennara.<sup>73 74</sup> Þessi feimni er tilkomin vegna þess hversu

---

<sup>66</sup> Elísabet Erlingsdóttir. *Listin að syngja: kennsluefni*.

<sup>67</sup> Samtal höfundar við Hlín Pétursdóttur Behrens.

<sup>68</sup> Samtal höfundar við Björk Jónsdóttur

<sup>69</sup> Samtal höfundar við Björk Jónsdóttur

<sup>70</sup> Samtal höfundar við Hlín Pétursdóttur Behrens.

<sup>71</sup> McCoy, Scott, *Your Voice: An Inside View*, DMA Princeton, Inside View Press New Jersey, 2004, bls. 83.

<sup>72</sup> McCoy, Scott, *Your Voice: An Inside View*, DMA Princeton, bls. 83.

<sup>73</sup> Samtal höfundar við Björk Jónsdóttur

auðvelt það er að misskilja orðið stuðningur fyrir pressu. Sá misskilningur væri vægast sagt óhentugur. Hlín minnst á að á ítölsku sé ekkert orð til sem gæti samsvarað íslenska orðinu stuðningur. Þar er talað um „sul fiato“ sem yfirfærast á íslensku sem „með loftinu“.<sup>75</sup> Á ítölsku er þó til orðið „appoggio“ sem notað er fyrir stuðning en merking þess er þó að halla sér að eða styðja sig við. Það er þó háð stjórnun öndunar.

Þriðja atriðið er barkinn. Barkinn er einn af ómklefum líkamans, þ.e. sá staður sem tónninn hljómar og margir söngkennarar eru ósammála um hver staðan á honum skuli vera. Gunnar talar um að ef barkakýlið sé uppi í koki þá lokist það og hálsinn sé ekki opinn. „Það hlýtur að segja sig sjálf, að það gengur ekki upp. Það er ekki á þeim stað sem það á að vera“<sup>76</sup>. Kristjana er þessu ekki sammála og segir það ekki rétt að barkastaðan í söng sé mjög há og það sé eitt af því sem hefur verið afsannað. „Því ofar sem þú setur hana [barkastöðuna] því auðveldara er að syngja“.<sup>77</sup>

Hlín nefnir að túlkun og tækni þurfi að haldast hönd í hönd. Það sé ekki hægt að túlka neitt ef maður hefur ekki tæknina til þess. Einnig hafi maður ekkert að gera með tækni ef ekki á að túlka tónlistina.<sup>78</sup>

## **Framhaldsnám og stofnun Listaháskóla**

Stofnuð var tónlistardeild innan Listaháskóla Íslands árið 2001, þá höfðu þegar verið stofnaðar deildir í myndlist og leiklist. Almenn hönnunardeild fylgdi í kjölfarið og hafin var kennsla í arkitektúr, fatahönnun og vöruhönnun.<sup>79</sup> Kominn er tími opins hugsunarháttar þar sem leyfilegt er að líta lengra og prófa sig áfram. Dómharkan er mikil en fólk er yfirleitt ekki tilbúið til þess að segja allt upphátt.

Í fyrrnefndri grein Hlínar sem hún flutti á aðalfundi Félags íslenskra söngkennara veltir hún þó upp þeirri spurningu hvort á Íslandi eigi að vera til „menntastofnun fyrir söng og aðra tónlist, sem menntar fólk á háskólastigi, með atvinnumennsku í huga?“

---

<sup>74</sup> Smith W.S and M. Chipman, *The Naked Voice, -A Wholistic Approach to Singing*, Oxford University Press, 2007, bls. 39.

<sup>75</sup> Samtal höfundar við Hlín Pétursdóttur Behrens.

<sup>76</sup> Samtal höfundar við Gunnar Guðbjörnsson.

<sup>77</sup> Viðtal höfundar við Kristjönu Stefánsdóttur.

<sup>78</sup> Samtal höfundar við Hlín Pétursdóttur Behrens.

<sup>79</sup> Heimasiða Listaháskóla Íslands, Listaháskóli Íslands - Söguágrip, sótt 23.01.2013, <http://lhi.is/skolinn/um-listahaskolann/soguagrip/>

<sup>80</sup> Hún bætir svo við og segir að hún sé ekki til, og þeir söngnemendur sem séu þar með söng sem aðalfag í Listaháskólanum megi telja á fingrum sér.<sup>81</sup>

Eins og heyrst hefur Hlín ákveðnar skoðanir hvað varðar háskólamenntun lengra kominna söngnemenda á Íslandi og fellir með orðum sínum ákveðinn dóm yfir Listaháskólanum. Hún segir að á Íslandi sé ekki nóg til staðar fyrir þá nemendur sem lokið hafa framhaldsprófi og séu efnilegir. Hér séu söngnemendum ekki kennd tungumál, skylmingar, dans og leiklist. Í viðtalinu segir Hlín þó að hún sé „ekki að segja að það eigi ekki að vera söngdeild innan Listaháskólans“ hún hafi þessa skoðun gagnvart eigin nemendum og ráðleggi þeim að halda strax út í heim.<sup>82</sup>

Vel kann að vera að Listaháskólinn sé gagnrýniverður að þessu leyttinu til, en gjarnan má hugsa til þess tíma þegar skólinn var stofnaður. Ekki er hægt að segja að samstaða hafi ríkt innan stéttarinnar á því að byggja upp söngdeildina. Kennarar og skólastjórar sátu hver í sínu horninu og tóku stofnun hennar sem persónulegum árásum í stað opins og mikilvægs tækifæris. Og gera enn. Aðrar listdeildir innan skólans hafa, á þessum stutta tíma frá stofnun, blómstrað og styrkst. Getur verið að skortur á samstöðu hafi orðið til þess að söngdeildin er ekki stærri en raun ber vitni?

Auk þessa eru vangaveltur uppi um það hvort Listaháskólinn eigi sér talsmann á þessum vettvangi. Ljóst er að þegar svo djúpt er í árina tekið, þarf alvarlega að skoða málið. Á þetta við rök að styðjast eða eru orðin angí af því samstöðuleysi sem lengi hefur verið við lýði hjá söngkennurum.

Í Reykjavíkurborg eru tónlistarskólar sem bjóða upp á framhaldsnám. Innan skólanna er talað um að námið sé á háskólastigi þó það leiði ekki til bachelorprófs.

Vel er látið að þessu námi og víst er að kennarar og aðrir sem að náminu koma eru að gera góða hluti. En hið sama má segja um kennara Listaháskólans og þá braut sem þar er en hann er eini skólinn sem útskrifar nemendur með bachelorpróf .

Út um allt eru hæfileikaríkir kennarar, stjórnendur og fleira fólk sem ætti að geta sameinast í þessari vinnu. Ekki er annað hægt en að samsinna Hlín þegar hún talar

---

<sup>80</sup> Hlín Pétursdóttir Behrens, „Hugleiðingar Hlínar Pétursdóttur Behrens“  
<http://www.fisis.is/?p=1583>

<sup>81</sup> Hlín Pétursdóttir Behrens, „Hugleiðingar Hlínar Pétursdóttur Behrens“  
<http://www.fisis.is/?p=1583>

<sup>82</sup> Samtal höfundar við Hlín Pétursdóttur Behrens.

um að tímarnir séu að breytast. Kannski höfum við ekki pláss fyrir tvo skóla með háskóladeild í Reykjavík en málið er að enginn vill gefa eftir.

Samkvæmt rektor Listaháskóla Íslands hefur lengi verið áhugi fyrir því að starfrækja rytmíska deild við skólann. Ekki hafa náðst samningar og þar af leiðandi hefur ekkert orðið úr málinu. Björk talar um að innan Tónlistarskóla FÍH séu nemendur sem myndu glaðir vilja sitja tíma innan Listaháskólans, þá sérstaklega á sviði tónsmíða.<sup>83</sup>

Á haustdögum 2012 var haldin söngkennararáðstefna á Akranesi. Var það mál manna að hún hefði tekist einstaklega vel og fram sé komin ný kynslóð kennara sem gjarnan vill láta til sín taka og auka samstarf. Enn virðast þó vera til staðar einhverjar hindranir. Áhuginn er til staðar. Vel má álykta að peningarnir séu til staðar, því víðsvegar um Reykjavíkurborg eru skólar sem virðast ná til sín peningum til óperuuppsetninga, þó ekki séu um háar upphæðir að ræða. Væri áhuginn til staðar, mætti taka höndum saman t.d. hvað fjármagn varðar og setja upp nemendaópru á hverju ári. En þá er spurning hver myndi velja í hlutverkin?

Gunnar segir að mikilvægt sé að Listaháskólinn sinni hlutverki stofnunar sem er lengra komin. En hann segir Listaháskólann hafa það sem aðra söngskóla vantar og það eru kröfur til fólks sem tónlistarmanna en ekki bara söngvara. Og það sé eitthvað sem allir skólar ættu að gera meira af.<sup>84</sup> Í kjölfar þeirra orða mætti velja fyrir sér hvort ekki vanti betri síu í allt söngnám. Staðreyndin er sú að öllum virðist hleypt í gegnum átta stig eins og að drekka vatn, þrátt fyrir að grunnatriði vanti. Nemendur geta stundum ekki sungið hreint, tilfinning fyrir hryn er í molum og grunnþekking á tónlist er varla fyrir hendi.

---

<sup>83</sup> Samtal höfundar við Björk Jónsdóttur.

<sup>84</sup> Samtal höfundar við Gunnar Guðbjörnsson.

## Lokaorð

Ísland er lítið land en þrátt fyrir það höfum við hér á landi fjölbreytta flóru af hæfileikaríkum kennurum og nemendum. Einnig eru tónlistarskólar okkar góðir, margir hverjir, sem og öll aðstaða til tónlistariðkunar og tónlistarflutnings. Þrátt fyrir framangreint er ljóst að breytinga er þörf.

Tónlistarskólarnir eru margir og nemendur mjög margir. Íslenska ríkið og sveitarfélögin eru komin fram yfir þolmörk hvað varðar útgjöld til tónlistarskólanna.

Skólarnir aðhyllast ólíkar stefnur og strauma og fáir, ef einhverjir, hafa mótað sér skýra stefnu, enda ljóst að lítill hvati hefur verið til þess af hálfu hins opinbera og sveitarfélaganna. Þó virðist eiga að taka þessi mál fastari tökum ef marka má kynningu á tillögu nefndar um frumvarp til nýrra laga um tónlistarskóla.<sup>85</sup> Í ljósi framanritaðs hefur tónlistarskólum verið í sjálfsvald sett með hvaða hætti kröfum í námsskrá er mætt.

Smæð tónlistarsamfélagsins á Íslandi hefur einnig gert það að verkum að fólk er í of miklum mæli að fjalla um eigin afkomu þegar rætt er um tónlistarkennslu. Eigi að fækka störfum, þá með hvaða hætti? Það segir sig sjálf að fólk ver afkomu sína með kjafti og klóm, ekki hægt að gera kröfu um að það fjalli með hlutlausum hætti um hvort leggja eigi stöðu þess niður, sameina skóla eða hvað annað sem getur stofnað afkomu þess í voða. Hætt er við að umræðan yrði lítt fræðileg og þaðan af síður fagleg. Þrátt fyrir það má segja að naflaskoðun sé í sjálfu sér góð, hún verður þá að vera raunveruleg.

Stefnumótun, mannauðsmál og breytingastjórnun eru fyrirbæri sem heyrast sjaldan innan tónlistarskólanna en eru þó staðreynd sem nútíma stjórnunarhættir gera kröfu til. Tónlistarskólarnir hafa því miður ekki fylgt straumnum hvað þetta varðar, jafnvel svo að jaðrar við sjálfhverfu.

Uppbygging á tónlistar- og söngskólum á Íslandi hefur að mestu leyti verið vegna hugsjónafólks, eldhuga sem hafa rutt brautina og gert listalíf á Íslandi að því sem það er í dag. En betur má ef duga skal! Tónlistarskólarnir verða að vera í takt við aðra þróun í landinu ella dagar þá uppi eins og nátttröll.

Auðvitað eru kennarar að gera sitt besta, um það efast enginn. Spurningin er þrátt fyrir það: Er þeirra besta nóg?

---

<sup>85</sup> Nefnd um endurskoðun laga, „Frumvarp til laga um tónlistarskóla“, 23. janúar 2013, sótt 25. janúar 2013,

Það verður líka að hefja umræðu og kröfur upp á hærra plan, hætta að rífa niður eitt til þess að upphefja annað. Í okkar litla landi verðum við að lifa hvert með öðru og kannski ástæða til að gera orð Jökuls Jakobssonar að sínum þegar hann segir í bókinni Sonur skóarans og dóttir bakarans:

Meðan sumir róa til fiskjar og aðrir rækta lítinn matjurtagarð, þá þarf einhver að syngja.



## Heimildaskrá

### Ritaskrá:

1. Elísabet Erlingsdóttir. *Listin að syngja: kennsluefni*. Reykjavík, 2010.
2. Baldur Símonarson, Einar B. Pálsson, Guðmundur Jónsson, Rut Magnússon, Sigrún Pálsdóttir, Trausti Jónsson, Þórarinn Guðnason, Þórunn Guðmundsdóttir, *Íslenska einsöngslagið*, yfirlitssýning í Gerðubergi, 2. október - 1. desember 1994.
3. Elliott, M, *Singing in Style – A Guide to Vocal Performance Practices*, Yale University Press, 2007.
4. McCoy, Scott, *Your Voice: An Inside View*, DMA Princeton, Inside View Press New Jersey, 2004.
5. Smith W.S and M. Chipman, *The Naked Voice, - A Wholistic Approach to Singing*, Oxford Univesity Press, 2007.

### Vefheimildaskrá:

1. Halldór Hansen, „Söngroddin, möguleikar hennar og leyndardómar“, *Óperublaðið*, 5. árgangur, 1991, sótt 22.01.2013, af: [http://www2.fisis.is/?page\\_id=1306](http://www2.fisis.is/?page_id=1306)
2. Björk Jónsdóttir. „Án titils“, tölvupóstur til höfundar, 27.01.2013.
3. Hlín Pétursdóttir Behrens, „Hugleiðingar Hlínar Pétursdóttur Behrens“, á vef Félags íslenskra söngkennara, 9. september 2012, sótt 25. janúar 2013, <http://www.fisis.is/?p=1583>
4. *Yfir þúsund manns mótmæltu niðurskurði til tónlistarmenntunar*, Félag leikskólakennara: Kennarasamband Íslands, 2. febrúar 2011, sótt 25. janúar 2013, <http://ft.ki.is/pages/261/NewsID/2790>
5. Heimasíða Listaháskóla Íslands, Listaháskóli Íslands - Söguágrip, sótt 23.01.2013, <http://hi.is/skolinn/um-listahaskolann/soguagrip/>
6. Ingunn Ósk Sturludóttir, „Án titils“, tölvupóstur til höfundar, 31.01.2013.

### Viðtalaskrá:

1. Samtal höfundar, Helgu Margrétar Marzellíusardóttur við Björk Jónsdóttur, 22.01.2013.
2. Samtal höfundar, Helgu Margrétar Marzellíusardóttur við Kristjönu Stefánsdóttur, 09.01.2013.
3. Samtal höfundar, Helgu Margrétar Marzellíusardóttur við Hlín Pétursdóttur Behrens, 22.01.2013.
4. Samtal höfundar, Helgu Margrétar Marzellíusardóttur við Gunnar Guðbjörnsson, 09.01.2013.